

# Leiðbeiningar um útfyllingu á tilkynningu um eigendaskipti á grunnskráðu, þ.m.t. frostmerktu eða örmerktu hrossi

Í samræmi vð reglugerðir um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár ber að fylla út tilkynningu um eigendaskipti á frostmerktum og örmerktum hrossum. Rétt skráning eigenda grunnskráðra hrossa er einnig mikilvæg þannig að gagnabanki Bændasamtaka Íslands um íslenska hrossarækt (Fengur) geti verið sem réttastur á hverjum tíma.

Tilkynning um eigendaskipti á grunnskráðu, þ.m.t. frostmerktu hrossi skal fyllt út í þríriti um leið og eigendaskiptin eiga sér stað:

- **Frumritið** skal sent til skráningar í tölvudeild Bændasamtaka Íslands.
- **Fyrsta afrit** skal nýr eigandi fá.
- **Annað afrit** skal fyrri eigandi fá.

## Eign

Athygli er vakin á að ef fleiri en einn aðili er skráður fyrir hrossi, skal skrá eignarhlut hvers og eins í reitinn sem sýndur er hér til hliðar. Sé það ekki gert er litið svo á að eignarhlutur aðila sé jafn.

Mikilvægt er að eigendaskiptablöð séu rétt útfyllt. Heimilt er að vísa frá eigendaskiptablaði sem ekki inniheldur eitthvað af eftirtöldum atriðum: Fæðingarnúmer, nafn og uppruna hrossins, kt. og nöfn seljanda og kaupanda, og eigin undirskrift seljanda. Fölsun hverskonar, á upplýsingum vegna eigendaskipta hrossa, varðar við lög.